



Reykjavík, 4. apríl 2017

Stjórnvaldssekt vegna brots Eimskipafélags Íslands hf. gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Hinn 8. mars 2017 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að leggja 50.000.000 króna stjórnvaldssekt á Eimskipafélag Ísland hf. (Eimskip) vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.).

Brotið fólst í því að Eimskip birti ekki innherjaupplýsingar, sem lágu fyrir þann 20. maí 2016, um mikið bætt rekstrarafkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2016, eins fljótt og auðið var og á jafnræðisgrundvelli eða frestaði birtingu innherjaupplýsinganna.

Málsatvik

Eimskip er útgefandi hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöll Íslands hf. (Kauphöll).

Vinna við gerð árshlutareiknings Eimskips fyrir fyrsta ársfjórðung 2016, tímabilið 1. janúar til 31. mars (Q1), hófst um miðjan maí og lágu fyrstu drög fyrir þann 20. maí 2016 kl. 11:39. Drög sýndu mikið bætt rekstrarafkomu Q1 2016, m.a. nam EBITDA 9,6 milljónum evra og jókst um 66,5% í samanburði við Q1 2015 og hagnaður nam 1,8 milljónum evra og jókst um 21,1% í samanburði við Q1 2015. Drögin breyttust óverulega fram að samþykkt stjórnar Eimskips á stjórnarfundi þann 26. maí 2016. Þá fyrst var regluvörður Eimskips upplýstur um innihald uppgjörnsins og afkomutilkynningar sem innihélt uppfærða afkomuspá. Þann sama dag var árshlutareikningurinn ásamt afkomutilkynningunni birtur í Kauphöll. Í fyrirsögn tilkynningarinnar kemur eftirfarandi fram: „EBITDA jókst um 66,5% á fyrsta ársfjórðungi 2016“ og „Afkomuspá fyrir 2016 hækkuð í 49 til 53 milljónir evra.“ Þann 28. maí 2016 hafði verð hlutabréfa félagsins hækkað um 12,89% frá opnun markaða þann 26. maí 2016.

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar hvort innherjaupplýsingar hefðu myndast við uppgjörsvinnu Eimskips fyrir fyrsta ársfjórðung 2016 sem bar að birta eins fljótt og auðið var og á jafnræðisgrundvelli, eða eftir atvikum fresta birtingu upplýsinganna, í samræmi við 1. og 4. mgr. 122. gr. vvl.

Niðurstaða

Að mati Fjármálaeftirlitsins fólu upplýsingar um mikið bætt rekstrarafkomu á fyrsta ársfjórðungi 2016, sem lágu fyrir þann 20. maí 2016 kl. 11:39, í sér innherjaupplýsingar.

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru skv. 120. gr. vvl., eins og nánar er kveðið á um í reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að upplýsingar um mikið bætta rekstrarafkomu Eimskips á fyrsta ársfjórðungi 2016 hafi verið nægjanlega tilgreindar þann 20. maí 2016. Þá lágu fyrir fyrstu drög að árshlutareikningi fyrir fyrsta ársfjórðung 2016 og mátti félaginu vera ljóst að rekstrarafkoman yrði óvenju jákvæð. Þrátt fyrir að samþykki stjórnar Eimskips lægi ekki fyrir voru upplýsingarnar nægilega nákvæmar til að gefa til kynna aðstæður sem ætla mætti að yrðu fyrir hendi og til að unnt væri að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra á verð fjármálagerninga félagsins. Almenn upplýsingagjöf Eimskips við útgáfu afkomuspár þann 25. febrúar 2016, þar sem gert var ráð fyrir jákvæðum breytum sem og fjölmörgum óvissuþáttum, var ekki lögð að jöfnu því að veita upplýsingar um mikið bætta rekstrarafkomu á fyrsta ársfjórðungi. Þær upplýsingar voru ekki gerðar opinberar fyrr en árshlutareikningur Eimskips fyrir fyrsta ársfjórðung 2016 var birtur þann 26. maí 2016. Ennfremur var ljóst að upplýsingarnar hefðu áhrif á félagið og fjármálagerninga þess. Þá var það mat Fjármálaeftirlitsins að líkur væru á að upplýstur fjárfestir myndi nota upplýsingarnar sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á varðandi hlutabréf í félaginu.

Það er ennfremur mat Fjármálaeftirlitsins að Eimskip hafi ekki birt innherjaupplýsingarnar eins fljótt og auðið var og á jafnræðisgrundvelli eða frestað birtingu þeirra.

Í 1. mgr. 122. gr. vvl. segir að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), beri að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

Innherjaupplýsingar mynduðust þegar upplýsingar um mikið bætta rekstrarafkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2016 lágu fyrir í drögum að árshlutareikningi þann 20. maí 2016 kl. 11:39. Eimskip birti upplýsingarnar fyrst þann 26. maí 2016 þegar árshlutareikningur fyrir fyrsta ársfjórðung 2016 var birtur í Kauphöll í samræmi við fjárhagsdagatal félagsins.

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að ákvæði 122. gr. vvl. leiði til þess að um leið og innherjaupplýsingar myndast við undirbúning reglulegrar upplýsingagjafar útgefanda sé útgefanda skylt að birta þær eins fljótt og auðið er eða eftir atvikum fresta slíkri birtingu í samræmi við 4. mgr. ákvæðisins. Ákvæði um reglulega upplýsingagjöf útgefanda geta ekki falið í sér frestun á birtingu innherjaupplýsinga án þess að skilyrði 4. mgr. 122. gr. vvl. séu uppfyllt og féllst Fjármálaeftirlitið ekki á að birting í samræmi við fjárhagsdagatal jafngilti slíkri frestun.

Þá var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að leggja bæri stjórnvaldssekt á Eimskip vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. vvl.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til flokkunar löggjafans á alvarleika brotsins, en brotið getur annars vegar varðað stjórnvaldssektum og hins vegar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Upplýsingaskylda útgefanda skv. 122. gr. vvl. er ein af



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

grundvallarstoðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar en reglum um meðferð innherjaupplýsinga er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbréfavíðskiptum. Brotið varðar upplýsingaskyldu útgefanda á hlutabréfamarkaði en sá markaður er að jafnaði viðkvæmur fyrir þeim upplýsingum sem birtar eru á markaði. Þá var brotið framið eftir gildistöku laga nr. 58/2015 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl., þar sem fjárhæð stjórnvaldssekta var hækkuð umtalsvert auk þess sem heimilt er að miða fjárhæðina við allt að 10% af heildarveltu lögaðila. Litið er til fordæma með hliðsjón af framangreindri lagabreytingu. Auk þess er við ákvörðun sektarfjárhæðar tekið mið af því að brotið var framið af gáleysi og félagið hefur ekki á síðustu fimm árum gerst brotlegt við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.